Góður hagur Sements-verksmiðju ríkisins

Rætt við Ásgeir Pétursson

Morgunblaðið átti nýverið samtal við Ásgeir Pétursson formann stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins um hag hennar og framtíðarstörf. Fer samtalið hér á eftir:

— Hver var niðurstaðan á rekstri Sementsverksmiðju ríkisins á árinu 1988?

— Hún var góð. Sementsalan á árinu varð 131.819 tonn og er það mesta sala verksmiðjunnar síðan árið 1977, þegar virkjunarframkvæmdir voru hvað mestar. Það er því eftirtektarvert um þessi áramót að sala til sérstakra verkefna, svo sem virkjana, Keflavíkurflugvallar o.þ.h. er með allra minnsta móti á síðast ári. Á sama tíma varð gjallframleiðslan 117.500 tonn svo gengið var á eldri birgðir. Í reynd er það afkastageta brennsluofnsins, sem mestu ræður um framleiðslumagnið. Mölunarafköst þeirra tækja, sem verksmiðjan á er mun meiri eða um það bil 200.000 tonn á ári.

Af þessu er ljóst að það er afkastageta ofnsins sem auka þarf ef sementsnotkun hérlendis heldur áfram að vaxa. Ljóst er að sementssala sl. tvö ár hefur verið meiri en framleiðslan en með því að ganga á birgðir hefur verið komist hjá því að flytja inn erlent gjall til mölunar hér. Verksmiðjan sparar gjaldeyri og skapar atvinnu og verðmæti. Hér finnst ekki járn og timbur, ekki ennþá. Steinsteypa er því eina grundvallar byggingarefni okkar, sem er innlent.

— Var ekki gerð breyting á framleiðsluaðferðum fyrir nokkrum árum?

— Jú, með vissum hætti má segja það. Það var árið 1983 að talið var rétt að hætta við að nota olíu til brennslu og breyttum við verksmiðjunni þá til kolabrennslu. Þessi breyting tókst mjög vel og var sannkallað happaspor. Fyrst og fremst stuðlaði þetta að lækkuðu sementsverði, þar sem svo fór að kolin urðu meira en helmingi ódýrari en olían var. Afkastageta ofnsins hélst þó óbreytt eða nálægt 100.000 tonn á ári. En síðan (1984-1985) voru gerðar tilraunir til þess að auka afkastagetu ofnsins og leiddu þær til 10% afkastaaukningar eftir breytingar, sem gerðar voru á ofninum. Síðan var brennsluhólfið í ofninum endurnýjað 1987 og jók það afköstin enn um 5%. Fyrir þá sem eru ókunnugir sementsgerð er rétt að greina frá því að sementsgjallið er svo blandað gipsi og kísilryki og síðan fínmalað og við það myndast sement.

Á þessu sama árabili lagði verksmiðjan í mikinn kostnað og stórframkvæmdir til mengunarvarna. Helsta framkvæmdin í því efni voru kaup og uppsetning á stórri rafsíu, sem reist var við sementsofninn árið 1984. Verður allt gert sem unnt er til þess að verjast því að mengun stafi frá verksmiðjunni og hefur hundruðum milljóna króna verið varið í því skyni á liðnum árum.

— En hvernig varð þá fjárhagsútkoman í árslok?

— Mér sýnist að gera megi ráð fyrir að hagnaður verksmiðjunnar á síðasta ári verði rúmar 30 m.kr. Þó er rétt að fram komi að hagnaður verksmiðjunnar í uppgjöri lækkar um rúmlega 8 m.kr. vegna gengisbreytingar í byrjun þessa árs, en endurskoðendur miða við nýja gengið við uppgjör síðasta árs, sem út af fyrir sig er eðlileg ákvörðun þeirra að mínum dómi.

Gjaldfærsla vegna gengisbreytinga á síðasta ári og í byrjun þessa árs verður væntanlega um 36 m.kr., en tekjufærsla á móti verður lítil, þar sem efnahagur verksmiðjunnar fer stöðugt batnandi. Mér sýnist að hagnaður verksmiðjunnar síðustu þrjú árin sé um 175 m.kr. og er þá miðað við verðlag síðasta árs. Það má skjóta því hér inn að eigandi verksmiðjunnar, ríkið, hefur aldrei lagt þessu fyrirtæki sínu fjármuni að heitið geti. Hún var reist fyrir lánsfé og hefur orðið að berjast í gegnum mikinn vanda og margvíslegan frá uphafi og er það löng saga. En þeim mun betra og ánægjulegra er að geta skýrt frá því að skuldirnar hafa verið greiddar niður að mestu. Það má reyndar gera ráð fyrir því að innan þriggja ára hafi verksmiðjan greitt niður allar eldri langtímaskuldir sínar. Þá verða aðeins áhvílandi lán vegna þeirra framkvæmda, sem nú standa yfir. Í væntanlegum reikningi vegna 1988 geri ég ráð fyrir að eigið fé verði um 620 m.kr., en fyrrgreindar skuldir verði um 125 m.kr. Veltufjárstaða yrði því mjög góð og nálgast hratt hlutfallið 2,0, þ.e. veltufjármunir verða væntanlega um 120 m.kr. hærri en skammtímaskuldir í væntanlegum ársreikningi.

— Hverjar eru helstu skýringar á bættum hag verksmiðjunnar?

— Það eru nokkrir meginþættir sem skýra bættan hag fyrirtækisins. Segja má að verksmiðjan sé eiginlega dæmi um það hve fjármagnskostnaðurinn ræður miklu um afkomu fyrirtækja. Af verksmiðjunnar hálfu hefur verið reynt að breyta óhagstæðum lánum í önnur hagstæðari og bæta stöðu á þeirri dreifingu, sem var á útistandandi lánum. Á þann hátt m.a. var unnt að losna við mikinn fjármagnskostnað. Betri tök náðust svo auðvitað í þessu efni með greiðslu lána og minnkandi raunskuldum.

Þá er það staðreynd að eftirspurn



Ásgeir Pétursson

eftir sementi hefur verið mikil og byggingariðnaðurinn líflegur, því hefur sala verið mikil, — en auðvitað græðir verksmiðjan mest á síðustu tonnunum sem hún selur ár hvert, þ.e. því magni, sem verður umfram kostnað við framleiðsluna. Breytingin frá olíu í kolabrennslu var hyggileg og skilar góðum arði. Sama er að segja um ýmsar tækninýjungar og breytingar.

Ennfremur er athyglisvert hverju bætt hagræðing áorkar í þessu efni. Föstum starfsmönnum hefur fækkað um rúmlega 40 á síðustu 5 árum. Það var unnt vegna tækniváeðingar, hagræðingar og útboða, sem skipta talsverðu máli.

Trúlega má gera ráð fyrir að starfsmönnum geti enn fækkað nokkuð á næstu 5 árum ef áform verksmiðjunnar ná fram að ganga.

— En hverjar eru svo framtíðarhorfur?

— Verksmiðjan hefur þegar hafið undirbúning að því að mæta þörf markaðarins og renna fleiri stoðum undir rekstur hennar á næsta áratug. Þannig verður t.d. á þessu ári endurbættur framleiðslubúnaður við semetnsmölun. Sjálfvirkri tölvustýrðri sementsmölun verður komið upp, sem nær til alls mölunarkerfis verksmiðjunnar. Rannsóknarbúnaður til efnagreiningar verður endurnýjaður og loks er ráðgert að koma á sjálfvirkni við sementsofninn, trúlega að tveim til þrem árum liðnum.

Þá má geta þess að verksmiðjan hefur nú ákveðna stefnu í því að auka markað fyrir sement og steinsteypu. Það var lengst af mitt sjónarmið að ekki ætti að víkka út hlutverk verksmiðjunnar meðan hún var þjökuð af skuldaþunga. Hlutverk hennar væri einungis framleiðsla sements og dreifing þess. En við fjárhagslega bættar aðstæður má endurskoða það efni og þó með gætni. Hér nefni ég þá umbót að verksmiðjan stofnaði ásamt Íslenska járnblendifélaginu fyrirtækið Sérsteypuna sf. Það fyrirtæki hefur unnið umtalsvert þróunarstarf. Því má skipta í þrjá þætti, þ.e. að auka notkun á sementi og steypu í stór mannvirki svo sem virkjanir og gatnagerð. Nefna má að steypt stíflumannvirki hafa mjög vikið fyrir jarðstíflum á síðari árum. Steypa hefur ekki náð árangri gagnvart malbiki í götur og vegi. Hér hafa gæði vikið fyrir kostnaði og þróunarvinnan beinist að því að finna ódýrari lausnir með steinsteypu án þess að það verði á kostnað gæða. Svonefnd þurrsteypa sem Sérsteypan hefur gert virðist gefa góðar vonir um árangur.

Þá má nefna þróun á tilbúinni pússningu og viðgerðarefnum fyrir steypu ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði. Loks má um þennan þátt segja að með tilkomu nýrra bætiefna í steypu hafi orðið miklar framfarir sem bæti steypuna. Hugsanlegt er að nýir eiginleikar steypu geri kleift að nota steypu þar sem áður var notað stál, timbur eða plast. En þau efni verðum við nú að flytja inn frá útlöndum.

— Hvað viltu segja um þátttöku Sementsverksmiðju ríkisins í gerð jarðganga undir Hvalfjörð?

— Að svo stöddu ekki ýkja mikið. Það er þó kunnugt að verksmiðjan hefur tekið þátt í könnun málavaxta. Í þessu efni segi ég sem einkaskoðun mína að allt er málið áhugavert. En við skulum hafa í huga að þetta er fyrst og fremst

U-beygja á rauðu ljósi

— eftir Magnús Óskarsson

Það á að reka alla embættismenn sem eyða of miklu, æpti fjármálaráðherra á messutíma og rauðu ljósi á Akureyri. Skera, skera, sagði hann. Skera niður útgjöldin og skera niður við trog þá yfirmenn, sem fara fram úr fjárlögum ríkisins. Svo boðaði hann ný brottrekstrarlög og útrýmingarherferð gegn þeim ríkisstarfsmönnum, sem í óleyfi eyða fjármunum almennings.

Skyldi Sturla fræðslustjóri hafa verið á fundinum? Sá hefur hlegið. Ekki eru margar vikur síðan hann stóð á verðlaunapalli Ólafs Ragnars Grímssonar og tók úr hendi hans við ómældum milljónum almennings og 2ja ára heiðursdvöl í útlöndum á kostnað sama almennings í þakklætisskyni fyrir að sólunda ríkisfé í heimildarleysi með glæsibrag, sem seint mun fyrnast. Um tíma hafði hann sem svarar tuttugu manns í vinnu í blóra við fjárlög, auk annarra ávirðinga.

Vel fór á því hjá Ólafi að taka þessa U-beygju á rauðu ljósi og sýnir vel aksturslag hans. Ekki var síður við hæfi að gera þetta í fánabænum Akureyri og vonandi hafa skólastjórar haft þrek til að flagga daginn eftir — í hálfa stöng.

P.s.
Greinarkorn þetta, örlítið lengra að vísu, sendi ég ritstjóra Morgunblaðsins s.l. þriðjudagsmorgun. Öllum liggur á og auðvitað hefði ég



Magnús Óskarsson

kosið að það birtist strax. Ég skil hins vegar vel, að ritstjórarnir þurfa oft að láta greinar bíða, jafnvel þær stytztu, auk þess sem þeir sömdu á meðan ritstjórnargrein um málið miklu lengri og betri.

M.Ó.

Höfundur er borgarlögmaður.



Morgunblaðið

Metsölublað á hverjum degi!

85.42

Kjarvalsstaðir:


Halldór Ásgeirsson opnar sýningu

HALLDÓR Ásgeirsson, myndlistarmaður, opnar einkasýningu í austursal og á gangi Kjarvalsstaða næstkomandi laugardag, 28. janúar, kl. 16.30.

„Myndlist Halldórs byggist á sjónrænu hugarflæði, sem hann skráir ósjálfrátt niður. Efniviðurinn er tekinn úr umhverfi og lífsreynslu listamannsins hverju sinni og eru meðal annars ferðalög ríkur þáttur í hinni sjónrænu upplifun, hvort sem auga og penni ferðist um óbyggðir Íslands eða sigli upp ána Níl. Þegar kemur að úrvinnslu hugmyndanna staldrar Halldór við, ígrundar efni og form gaumgæfilega þar til teikningarnar, sem hann skeytir saman á ólíkan hátt falla inn í efnið. Verkin eru máluð á pappír eða léreft, skorin út eða höggvin í tré, þar finnast bein og sviðin hurð, svart flauel og brotin gler," segir í fréttatilkynningu um sýninguna. Sum myndverkin eru samsett úr ólíkum efnum og spanna bæði vegg og gólf.

„Sögusmiðurinn" er mættur í salinn þakinn myndum og frásögnum úr undirheimum, þetta eru hugarbrot og örstutt ljóð úr draumi og veruleika sem áhorfendum ber að túlka að eigin vild, að sögn listamannsins.

Halldór er fæddur árið 1956 og nam myndlist við Parísarháskóla númer átta á árunum 1977-80 og



Eitt verka Halldórs Ásgeirssonar „Ýmir" 1988.

1983-86. Hann dvaldi í Austurlöndum fjær veturinn 1976-77 og í Mexíkó 1982-83. Halldór er nú búsettur í Reykjavík. Þetta er sjötta einkasýning Halldórs á Íslandi, en hann hefur sýnt og starfað að myndlist undanfarin ár, bæði heima og erlendis.

Sýningin stendur til 12. febrúar og er opin daglega frá kl. 11.00 til 18.00.